

360° Vestmannaeyjar

Verkefni þetta var unnið veturinn 2020-2021. Umsjónaraðili og ábyrgðaraðili er Sverrir Marinó Jónsson, kennari við Grunnskóla Vestmannaeyja (GRV).

Markmið verkefnisins var að auðvelda nemendum GRV að kynnast nærumhverfi sínu, ásamt því að geta búið til sína eigin kynningu um það efni í framtíðinni.

Þær þjónustur sem google hefur upp á að bjóða voru nýttar við vinnslu þessa verkefnis. Google hefur verið með vefsíðu sem hægt er að búa til kynningu með 360° myndum sem eru til inn á google.maps eða google earth. Þessi vefsíða hét tour creator og var til þegar undirritaður ákvað að gera þetta verkefni, en google ákvað að loka þeirri vefsíðu. Eftir að vefsíðunni var lokað hófst leit að sambærilegri síðu. Sú leit tók tíma en skilaði árangri að lokum. Google bauð upp á aðra sambærilega síðu sem keyrir með google earth vefsíðunni þeirra, og varð hún fyrir valinu fyrir þetta verkefni.

Ég vildi nýta mér þá þjónustu sem google býður upp af því GRV er með skólaleyfi frá google og hefur því skólinn auðveldan aðgang af allri google þjónustu. Google býður upp á mjög notendavænt umhverfi fyrir alla. Því taldi ég það henta þessu verkefni til að koma ákveðni hugsun af stað með 360° myndum. Hvernig við getum nýtt okkur þessar myndir bæði fyrir fræðslu og skemmtunar.

Til að halda utan um allt það efni sem aflað hefur verið við gerð verkefnisins ákvað undirritaður að búa til vefsíðu með Sites, en það er heimasíðuforrit frá google. Þangað inn fer allt það efni sem aflast hefur og getur nýst við kennslu í tengslum við nærumhverfi. Þar er að finna 360° myndir og myndbönd af Vestmannaeyjum. Bæði er hægt að smella á myndir og skanna inn Qr kóða sem gerir nemendum auðvelt að fara á þær síður sem kennari biður um. Slóðin á vefsíðuna er

<https://sites.google.com/grv.is/360vestmannaeyjar>

Þessi vefsíða verður lifandi og í stöðugri þróun. Vestmannaeyjabær hefur veitt annan styrk til aðila sem hyggst taka myndir af götum og gönguleiðum bæjarins og munu þær myndir einnig verða nýttar í þetta verkefni þegar þær koma inn á google earth vefsíðuna.

Með leit á netinu hefur fundist mikið af efni tengdum Vestmannaeyjum. Þá sérstaklega 360° myndum. Þær hafa verið á facebook, youtube og öðrum vefsíðum. Þessar myndir koma til með að vera á síðunni sem varð til fyrir þetta verkefni. Enn á eftir að bæta við vefsíðuna og þróa hana áfram með hjálp starfsfólks og nemenda GRV.

Að nota þjónustu google við þetta verkefni er góður stökkpallur fyrir nemendur og aðra að skilja hvað 360° myndir bjóða upp á. Þjónusta við 360° myndir eykst með hverjum deginum og er fróðlegt að fylgjast með þeirri þróun. Með því að nýta hana erum við að varðveita í leiðinni sögu Vestmannaeyja.

Að lokum langar mig til þess að þakka fyrir þennan styrk sem að ég hlaut til þess að vinna þetta verkefni. Ég tel það vera mikil forréttindi auk hvatningar til þess að hrinda góðum hugmyndum í framkvæmd.

Ráðstöfun styrks:

Heildarstyrkur er 600.000 kr

Laun 600.000 kr

Sverrir Marinó Jónsson

Ábyrgðaraðili

Umsjónarmaður